

orðið komizt hjá slysinu. Heldur ekki verður ákærðum gefið það að sök, að hann ekki vék fyrir eða betur út á hægri vegbrún, en hann gerði, því það er símastaur á vegbrúninni, sem hindraði hann í því. Verður því að sýkna ákærðan af ákærum réttvísinnar og valdstjórnarinnar í málinu og ber þá að greiða sakarkostnað af almannafé. Þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns hans hér fyrir réttinum, Ólafs Þorgrímssonar cand. jur., og ákveðast þau kr. 60.00.

Á málinu hefir orðið nokkur dráttur; að því leyti sem hann hefir orðið hér við embættið, stafar hann af annriki dómarsins.

Föstudaginn 11. desember 1936.

Nr. 127/1936. **Réttvísinn** (Theódór B. Línal)

gegn

Sigurði Einarssyni og Otto Wathne

Björnssyni (Theódór B. Línal)

Tveir menn dæmdir til refsingar fyrir að veitast að uppboðshaldara og aðstoðarmönnum hans.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 26. júní 1936. Hinir ákærðu, Sigurður Einarsson og Ottó Wathne Björnsson, sæti hvor um sig fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði og greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 100.00, til skipaðs verjanda síns, hrm. Eggerts Claessen.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með athæfi því, sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi, hafa hinir ákærðu, Sigurður Einarsson og Ottó Wathne Björnsson, gerzt brotlegir við 2. mgr.

99. gr. og 101. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 1869, og þykir refsing þeirra hvors um sig hæfilega ákveðin 12 daga einfalt fangelsi.

Samkvæmt þessum málalokum ber að staðfesta ákvæði undirréttardómsins um sakarkostnað í héraði og dæma hina ákærðu til að greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 120.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinir ákærðu, Sigurður Einarsson og Ottó Wathne Björnsson, sæti hvor um sig 12 daga einföldu fangelsi.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað í héraði skal vera óraskað.

Hinir ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Theódórs B. Lindal og Eggerts Claessen, kr. 120.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Sigurði Einarssyni, verkamanni Hverfisgötu 33 í Hafnarfirði og Ottó Wathne Björnssyni, verkamanni, Hverfisgötu 33 í Hafnarfirði, fyrir brot gegn 12. kap. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Ákærðu eru komnir yfir lögaldur sakamanna, Sigurður fæddur 27. marz 1915, en Ottó Wathne 7. júlí 1904.

Hvorugur hinna ákærðu hefir svo kunnugt sé sætt á-kæru eða refsingu.

I.

Hinn 13. marz s. l., kærði Valdimar Stefánsson, settur bæjarfógeti í Hafnarfirði, yfir því, að hann hefði daginn áður, er hann var að halda uppboð á nautgripum við fjós Þorsteins Björnssonar, kaupmanns í Hafnarfirði, orðið fyrir ofbeldi þannig, að kastað var í hann ýmsu rusli í þeim tilgangi, að bæjarfógetinn telur, að aftra því, að hann gæti framkvæmt embættisstörf sín.

Með úrskurði, uppkveðnum sama dag í lögreglurétti Hafnarfjarðarkaupstaðar, vék bæjarfógetinn sæti í máli þessu, þar sem hann sjálfur var kærandi, eins og að fram-an greinir, og sendi málið síðan dómsmálaráðuneytinu.

Með konunglegri umboðsskrá, útgefinni 17. marz s. l., var dómaramanum í máli þessu síðan falið að rannsaka mál þetta og fara með og dæma mál gegn þeim, er sekir kynnu að reynast.

II.

Eins og áður greinir fór opinbert uppboð fram, að við-stöddu miklu fjölmenni, hjá fjósi Þorsteins Björnssonar, kaupmanns, Hverfisgötu 33 í Hafnarfirði, hinn 12. marz síðastliðinn, og voru þar seldar samkvæmt kröfu Mjólkur-samsölunnar tvær kýr til lúkningar ógreiddu verðjöfnun-argjaldi. Var sú kýrin, er fyrr var seld, boðin upp tvisvar, með því að kaupandinn innti eigi af hendi þá greiðslu, er gild væri tekin, er kýrin hafði verið slegin honum í fyrra skiptið. Framkvæmdi settur bæjarfógeti, Valdimar Ste-fánsson, uppboðið, en honum voru til aðstoðar á uppboðs-staðnum Stigur Sæland, lögregluþjónn, sem var einkennis-búinn, og Finnbogi Arndal, sýsluskrifari. Er uppboðshald-arinn kom á staðinn, skoraði hann á uppboðspóla, Þor-stein Björnsson, sem var viðstaddur, að ljúka upp fjósinu, sem var læst, en er Þorsteinn neitaði því, var fjósið opnað með valdi samkvæmt boði fógetans. Voru kýrnar síðan leiddar út og fór uppboðið á þeim fram við fjósdyrnar, eins og áður greinir, og stóð fógetinn þar ásamt fyrgreind-um aðstoðarmönnum sínum. En svo hagar til að yfir fjós-

dyrunum er lúga á hlöðulofti. Var lúgan opin meðan uppboðið fór fram, og héldu sig þar á hlöðuloftinu nokkrir menn, þar á meðal uppboðspoli, Þorsteinn Björnsson.

Bæjarfógetinn hefir skýrt nánar svo frá, að á meðan hann var að framkvæma uppboðið, hafi hvað eftir annað verið kastað ofan af hlöðuloftinu á hann sjálfan og aðstoðarmenn hans heyrusli og smágerðu tréspónarusli. Kveður hann rusli þessu hafa verið kastað 4—5 sinnum með stuttu millibili, og varð af þessum orsökum algert hlé á starfinu, meðan á þessu aðkasti stóð. Frá nærliggjandi súrheysgryfju kveður bæjarfógetinn enn fremur hafa verið kastað í sig súrheyi, að hann telur, svo og gjarðarusli utan úr mannþrönginni. Lenti súrheyið sumpart á andliti bæjarfógetans, en gjarðirnar á öxl hans. Af öllu þessu aðkasti varð bæjarfógetinn mjög ataður óhreinindum. Eigi greindi bæjarfógetinn, hverjir köstuðu, enda var hann upptekinn af embættisönnum, og eigi heyrði hann neinn eggja til þessara verka.

Finnbogi Arndal, sýsluskrifari, hefir skýrt svo frá, að hann hafi á uppboðinu haft undir höndum uppboðsbókina og annazt bókanir. Kveður hann bæjarfógetann og aðstoðarmenn hans hafa orðið fyrir aðkasti meðan á uppboðinu stóð. Vegna annríkis kveðst hann eigi glöggst hafa fylgt með því, hvaðan kastað var, en þó hafi hann séð, að rusli var kastað ofan af fjósloftinu út um lúguna. Kveður hann þessu aðkasti aðallega hafa verið beint að bæjarfógetanum og lent mestmegnis á honum, en þó hafi hann sjálfur einnig orðið fyrir því að nokkru. Til þess að forða uppboðsbókinni frá skemmdum, kveðst hann af þessum orsökum hafa snúið baki við fjósloftslúgunni og hafði hann því eigi aðstöðu til að fylgjast með, hverjir köstuðu þaðan, og getur hann því eigi um það borið, hverjir það gerðu, né heldur, hve oft var kastað. Auk þess kveðst sýsluskrifarinn hafa séð, að gjarðarusli var kastað að bæjarfógetanum, en eigi hvort það snerti hann. Eigi sá hann, hvaðan gjarðarusli þessu var kastað, en telur, að því hafi eigi verið kastað ofan af fjósloftinu. Af fyrgreindu aðkasti kveður sýsluskrifarinn uppboðsbókina hafa óhreinkast nokkuð í höndum sínum, en eigi kveður hann verulega hafa séð á fötum sínum. Hinsvegar hafi fatnaður bæjarfógetans verið mjög ataður eftir þetta, og varð hann af þeim

orsökum, að koma yfirfrakka sinum í hreinsun strax samdægurs.

Stígur Sæland, lögregluþjónn, hefir sem vitni borið, að á meðan uppboðið fór fram, hafi hefilspónum og heyrusli hvað eftir annað verið kastað á bæjarfógetann og aðstoðarmenn hans út um fyrgreinda lúgu. Kveður vitnið þessu aðallega hafa verið beint að bæjarfógetanum, en þó einnig lent á vitninu sjálfu og sýsluskrifaranum. Eitt skiptið, er kastað var út af fjósloftinu, kveðst vitnið hafa séð, að það gerði Sigurður Einarsson, fjósamaður uppboðspola, ákærður í þessu máli. Varð úr því kasti drifa af hefilspónum og moðrusli, sem lenti bæði á bæjarfógetanum og fyrgreindum aðstoðarmönnum hans. Þá kveður vitnið einnig hafa verið kastað að bæjarfógetanum súrheysþverra frá nærliggjandi súrheysgryfju, lenti þetta á öxl bæjarfógeta og andliti hans, en eigi sá vitnið, hver að þessu var valdur. Vitnið kveður yfirhöfn bæjarfógetans hafa orðið mjög ataða óhreinindum af þessu aðkasti og fót sin drifin rusli.

Vitnið Guðjón Sveinsson, sem viðstatt var uppboðið, hefir skýrt svo frá, að eftir að uppboðið hófst, hafi verið kastað ýmsu rusli, tréspónum, fóðurbætismjöli einhverskonar og heyrusli út um fjósloftslúguna í bæjarfógetann og aðstoðarmenn hans. Kveður vitnið þessu sérstaklega hafa verið beint að bæjarfógetanum, og lent mest á honum, bæði andliti hans og fötum. Kveður vitnið, að kastað hafi verið út um lúguna minnst þrisvar sinnum, og sá vitnið, að það var ákærði Sigurður Einarsson, sem kastaði í eitt skiptið. Kveður vitnið það hafa verið blautt heyrusl, sem ákærði kastaði, og lenti það mjög á bæjarfógetanum og klestist í andlit hans. Ennfremur kveður vitnið þremur gjörðum hafa verið kastað í bæjarfógetann áður en fjósið var opnað, og lentu þær í öxl bæjarfógetans, og um það leyti, sem bæjarfógetinn sleit uppboðinu, kveður vitnið forarklessu hafa verið kastað í hann úr áttinni frá súrheysgryfjunni, og lenti hún á vanga hans. En eigi sá vitnið, hverjir köstuðu, frekar en að framan greinir.

Vitnið Þorvaldur Árnason, bæjargjaldkeri, kveðst hafa verið viðstatt, er uppboðið fór fram, og ásamt Geir Zoëga, útgerðarmanni, staðið ca. 10 metra hliðhált frá fjósdyrunum og í grennd við bæjarfógetann. Á meðan verið var að

sprengrja upp fjósið, kveður vitnið ákærða Ottó Wathne hafa kastað ofan af loftinu allstórri heyvísk, moði eða heyrusli að bæjarfógetanum, og kom það yfir höfuð honum og axlir og einnig yfir nærstadda menn. Meðan stóð á fyrri uppboðinu á kú þeirri, sem fyrr var seld, kveður vitnið tvær til þrjár gjarðir og pokadruslur hafa komið fljúgandi utan úr mannþrönginni að bæjarfógetanum, og sá vitnið, að hann af þessu fékk skítaklessu á öxlina, en um það, hvort gjarðirnar snertu hann eða ekki, getur vitnið ekki fullyrt. Meðan á seinna uppboðinu á kú þessari stóð, kveður vitnið sagnarli hafa verið kastað ofan af loftinu yfir bæjarfógetann og gerði það ákærði Sigurður Einarsson. Kom þetta sagnarli yfir höfuð bæjarfógetans, lenti á hatti hans og herðum og einnig þeim, sem nærstaddir voru. Meðan seinni kýrin var boðin upp, kveður vitnið heyrusli enn hafa verið kastað ofan af fjósloftinu yfir bæjarfógetann, en hver það gerði sá vitnið ekki. Í uppboðslokin kveðst vitnið hafa séð, að kastað var skitugum pokadruslum utan úr mannfjöldanum, en hvort þær hæfðu bæjarfógetann eða hver þessu kastaði sá vitnið ekki. Vitnið Geir Zoëga hefir í öllum greinum staðfest þennan framburð Þorvalds Árnasonar, að því undanskildu, að hann kveður ákærða Ottó Wathne hafa kastað heyinu í bæði skiptin, sem því var kastað út af fjósloftinu, en hver kastaði saginu, sem vitnið í upphafi hélt að hefði verið máis, greindi vitnið ekki, enda kveðst það ekki þekkja fjósamann Þorsteins Björnssonar. Þetta vitni kveðst ekki hafa séð, hvaðan gjarðirnar komu, en af því að vitninu virtist þær vera þurrar, kveðst það hafa dregið þá ályktun, að þær hefðu komið út af loftinu, því bleyta var úti fyrir. Hafa bæði þessi vitni staðfest framburð sinn með eiði.

Vitnið Guðmundur Guðmundsson kveðst hafa verið viðstatt uppboðið og séð, að kastað var ofan af fjósloftinu heyi og sagi að bæjarfógetanum, svo og að kastað var að honum gjörðum og forarklessum, en eigi sá vitnið í neitt skiptið hver kastaði.

Vitnið Ásgrímur Sveinsson kveðst hafa séð, að kastað var á bæjarfógetann út af fjósloftinu, en eigi sá það, hverjir það gerðu.

Vitnið Jón Guðmundsson, lögregluþjónn, kveðst hafa séð, að kastað var að bæjarfógetanum einhverju rusli ofan

af fjósloftinu. En vegna fjarlægðar sá vitnið ekki, hverjir það gerðu.

Vitnið Ingimundur Hjörleifsson hefir borið það, og unnið eið að því, að tvivegis hafi verið kastað rusli á bæjarfógetann út af hlöðuloftinu, og að ákærði Ottó Wathne hafi kastað í annað skiptið.

Hafa nokkrir menn aðrir, sem viðstaddir voru, verið yfirheyrðir undir rannsókn málsins, en eigi hafa þeir getað upplýst neitt beinlínis um athafnir hinna ákærðu við umrætt tækifæri.

Hinir ákærðu hafa báðir viðurkennt, að þeir hafi verið á fjósloftinu meðan umrætt uppboð fór fram.

Ákærði Sigurður Einarsson hefir játað, að hann hafi, meðan bæjarfógetinn var staddur á uppboðsstaðnum, tekið á milli handanna dálítið af smágerðum hefilspónum, sem fallið höfðu úr poka, er geymdur var á fjósloftinu, og kastað þessu út um lúguna. Er framburður ákærða um það, hvað honum hafi gengið til, er hann kastaði spónum þessum út, mjög tortryggilegur, og eins og málið liggur fyrir, þykir mega ganga út frá því, að hann hafi af ásettu ráði kastað í bæjarfógetann og aðstoðarmenn hans.

Ákærði Ottó Wathne hefir ákveðið neitað því, að hann hafi kastað nokkru út af hlöðuloftinu. En með fyrgreindum vitnaframburðum þykir það þrátt fyrir neitun hans nægjanlega sannað, að ákærði hafi, meðan bæjarfógetinn var að embættisverkum sínum á uppboðsstaðnum, kastað heyi eða moðrusli yfir bæjarfógetann og aðstoðarmenn hans.

Eigi hafa komið fram neinar sönnur fyrir því, að hinir ákærðu hafi átt nokkurn þátt í því aðkasti, sem bæjarfógetinn varð fyrir annarsstaðar frá en af hlöðuloftinu, Hefir unglingspiltur, undir rannsókn málsins, játað að vera valdur að því að nokkru, en samkvæmt fyrirsögn dómsmálaráðuneytisins var mál eigi höfðað gegn honum.

Með framangreindum athöfnum hafa hinir ákærðu brotið gegn 99. gr. 1. mgr. og 101. gr. hegningarlaganna. Með tilliti til þess að ætla má, að hinir ákærðu hafi verið undir æsandi utanaðkomandi áhrifum, er þeir frömdu þessi afbrot, þykir refsing þeirra hvors um sig, með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna, hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 3 mánuði.

Hinir ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 100.00, til skipaðs verjanda síns, hrm. Eggerts Claessen.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Mánudaginn 14. desember 1936.

Nr. 98/1936. Valdstjórnin (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Þorvaldi Jónassyni (Eggert Claessen).

Maður dæmdur fyrir ólöglega sölu áfengis.

Dómur lögregluréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 6. júní 1936: Kærður, Þorvaldur Jónasson, greiði kr. 800.00 í sekt til menningarsjóðs og komi einfalt fangelsi í 40 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Vitnin Markús Ármann Guðjónsson, Gunnlaugur Óskar Egilsson og Pétur Hafsteinn Björnsson hafa borið það, að á uppstigningardag, 21. maí þ. á., hafi þeir allir verið staddir í Sandgerði og þá komið sér saman um að fara inn í Garð til kærða í því skyni að kaupa af honum áfengi. Kveðast þeir Markús Ármann og Gunnlaugur Óskar hafa verið búnir að drekka nokkuð af Vermouth áður um daginn, en síðan ákveðið að leita til kærða, er þeir hafi heyrt að fengist við áfengissölu, og slóst Pétur Hafsteinn þá í för með þeim. Er þeir félagar komu til kærða fór Markús Ármann fyrst á fund hans til að fala af honum áfengi, en þeir Gunnlaugur og